FÉLS1LT02

Búið til: *Tue, 23 Sep 2014 11:05:43 GMT*

Titill
Félagslíf
Skammstöfun
FÉLS1LT02
Útgáfunúmer
2
Námsgrein
Félagsstörf
Viðfangsefni
Leiklist, skreytingar, tónlist
Staða
Samþykkt af skóla
Þrep
1
Einingafjöldi
2
Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla
Lýsing
Nemendur undirbúa árshátíð skólans með leik, söng og hljófæraleik ásamt því að skipuleggja salinn og skreyta. Nemendur fá leiðbeiningar í spuna og því hvernig maður kemur fram á sviði, t.d. sem kynnir eða skemmtikraftur. Þeir þjálfast í að skipuleggja viðburði og hugsa fyrir því sem þarf til að skemmtunin gangi snuðrulaust fyrir sig. Nemendur ákveða sætaskipulag og leggja á borð ásamt því að skreyta bæði borð og sal.
Forkröfur
Engar
Þekkingarviðmið
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirbúningi árshátíðar
- hvað þarf að fá utanfrá og hvað er hægt að gera á staðnum
- skreytingum og skipulagi borðhalds
- spuna og framkomu á sviði

Leikniviðmið
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- halda árshátíð
- framkomu á sviði
- spuna og spaugi
- skipuleggja með tilliti til sætaskipulags og skreytinga

Hæfniviðmið
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja, undirbúa og halda árshátíð skólans fyrir nemendur og starfsfólk í fallega skreyttum sal með kynni og skemmtiatriðum

Námsmat
Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati, nemendur þurfa að standast mætingarkröfur áfangans.
Skólar

Fyrirmynd